

- 85 Arðskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungs-
15. júní veiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. júní 1939.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

- 86
5. júní

AUGLÝSING

um húsaleigu utan Reykjavíkur.

Samkvæmt 7. gr. laga frá 4. apríl 1939 um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, er óheimilt á tímabilinu til 14. maí 1940, að hækka leigu eftir hús og aðrar fasteignir frá því, sem goldið og umsamið er þegar lög þessi öðlast gildi og eins þó að samið hafi verið um hækkun leigunnar vegna gengisbreytingar. Ennfremur er leigusala á sama tíma óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema hann þurfi á því að halda fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína, enda hafi leigutaki haldið samninga.

Után Reykjavíkur skulu fasteignamatsnefndir hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar lagagreinar sé fylgt og úskurða allan ágreining, sem út af þeim kann að rísa milli leigutaka og leigusala. Skylt er að leggja fyrir hlutaðeigandi fasteignamatsnefnd til samþykktar alla leigumála, sem gerðir eru eftir að téð lög öðluðust gildi. Fasteignamatsnefndir skulu gæta þess, að leiga sé ekki ákveðin hærri en sambærilegt er við eldri leigusamninga að þeirra dómi og hafa þær vald til þess að ákveða upphæð leigunnar ef þörf gerist. Ennfremur skulu fasteignamatsnefndir meta leigu fyrir ný hús.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum samkvæmt framangreindum lögum.

Þetta tilkynnist hér með öllum hlutaðeigendum til eftirbreytni.

Félagsmálaráðuneytið, 5. júní 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vígfús Einarsson.

- 87
13. júní

AUGLÝSING

um veitingaskatt af vörum, sem seldar eru í brauðbúðum og mjólkurbúðum.

Úrskurðar ráðuneytisins hefir verið beiðzt um eftirfarandi atriði:

1. Hvort greiða beri veitingaskatt af brauði og kökum, sem neytt er í brauð- og mjólkurbúðum, þar sem eru nokkur borð og stólar til afnota fyrir þá, sem neyta þessara vara þar.
2. Hvort greiða beri veitingaskatt af hvítöli, sem er eigin framleiðsla og selt er 15 aurum dýrara flaskan ef þess er neytt inni í brauð- og mjólkurbúðum, heldur en ef farið er með það út.
3. Hvort greiða beri veitingaskatt af mjólk í glösum, sem seld er með svipaðri álagningu og ölið.

4. Hvort greiða beri umræddan skatt af allskonar sælgæti, sem selt er í búð- 87
inni og ýmist er neytt inni í henni eða utan hennar. 13. júní

Út af þessu hefir ráðuneytið tekið fram eftirfarandi:

Við 1. Ráðuneytið litur svo á, að allt það brauð og allar þær kökur, sem seldar eru til neyzlu í brauð- og mjólkurbúðum, sé skattskyld samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 1. gr. laga nr. 99 1933, um veitingaskatt, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 64 1933, um veitingaskatt o. fl.

Við 2. Þá verður ráðuneytið að telja, að allt öl, sem selt er í umræddum búðum til neyzlu á staðnum, sé veitingaskattsskyld samkvæmt 1. mgr. 1. gr. fyrrnefndra laga nr. 99 1933, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 21 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl. Það skiptir engu máli hvort ölið er eigin framleiðsla eða annara framleiðsla. Ekki skiptir heldur máli, þó að veitingasali greiði innlent tollvörugjald af ölinu.

Við 3. Ráðuneytið telur, að ef mjólk þessi er seld með meira álagi en 25% frá almennu söluverði á viðkomandi stað sé hún skattskyld eftir ákvæðum 2. mgr. 1. gr. veitingaskattslaganna, sbr. 1. gr. veitingaskattsreglugerðarinnar.

Við 4. Það er ljóst eftir veitingaskattslögunum, að sælgæti, sem selt er út úr búðum, er veitingaskattfrjálst. Hins vegar verður að teljast, að sælgæti, sem í brauð- og mjólkurbúðum er selt til neyzlu á staðnum, sé veitingaskattsskyld eftir veitingaskattslögunum.

Fjármálaráðuneytið, 13. júní 1939.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Sigr. Klemenzson.

REIKNINGUR

88

yfir tekjur og gjöld Fiskimannasjóðs Kjalarnesþings 1937.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:			
a. Veðskuldabréf	kr.	31667.02	
b. Bankavaxtabréf	—	7600.00	
c. Sparisjóðsinnstæða	—	16640.42	
			kr. 55907.44
2. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum	kr.	1372.79	
b. — bankavaxtabréfum	—	342.00	
c. — sparsjóðsinnstæðu	—	766.08	
			— 2480.87
			Kr. 58388.31

Gjöld:

1. Styrkur til ekkna sjómanna	kr.	2500.00	
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Veðskuldabréf	kr.	42500.00	
b. Bankavaxtabréf	—	7100.00	
c. Sparisjóðsinnstæða	—	6288.31	
			— 55888.31
			Kr. 58388.31

Tollstjórinn í Reykjavík, 18. febrúar 1938.

Jón Hermannsson.